
KAFLI III - KEILUMÓT

REGLUGERÐ KLÍ UM KEILUMÓT

1. grein

Öll keppni í viðurkenndum keilumótum skal fara fram samkvæmt lögum og reglugerðum ÍSÍ og Keilusambands Íslands (KLÍ) og leikreglum sem samþykktar hafa verið af KLÍ. Samþykktir Alþjóðakeilusambandsins (FIQ/WTBA) eru bindandi fyrir KLÍ. Mótum skal skipt í þrjá hópa.

A-mót: Mót á vegum KLÍ og önnur mót sem til þess hafa hlotið samþykki KLÍ.

B-mót: Önnur viðurkennd mót sem eiga að fara inn í allsherjar meðaltal.

C-mót: Mót sem fara ekki inn í allsherjar meðaltal.

Keilufélögin geta sótt um að mót á þeirra vegum verði A-mót, t.d. héraðsmót. A-mót þarf að auglýsa með a.m.k. mánaðar fyrirvara og reglurnar um mótið skulu liggja fyrir er umsókn er send inn. A- og B-mót skal einungis leika í keilusal sem KLÍ hefur viðurkennt.

2. grein

Leikár telst frá 1. júní til 31. maí.

3. grein

Í öllum mótum sem reiknast eiga inn í allsherjar meðaltal skal dómari viðurkenndur af KLÍ vera viðstaddur (sjá Reglugerð fyrir dómara). Einungis met sett í slíkum mótum eða met sett í viðurkenndum mótum erlendis verða viðurkennd sem Íslandsmet (sjá Reglugerð um skráningu skors).

4. grein

Í einstaklings-, para- og tvímenningskeppni geta allir félagsbundnir keilarar verið þátttakendur, en einungis íslenskir ríkisborgarar geta unnið til verðlauna í ofangreindum Íslandsmótum.

5. grein

Ef lið eða félag notar leikmann sem er í banni eða hefur ekki leikheimild með félagi og/eða liði, skal umræddur leikur/viðureign dæmd því félagi/liði töpuð. Stjórn KLÍ getur afturkallað keppnisheimild einstaklings/liðs/félags vegna vangoldinna skulda við KLÍ.

6. grein

Erlendir leikmenn

Erlendur ríkisborgari getur gerst leikmaður með íslensku keiluliði. Keppnisréttur er háður því að framkvæmdastjórn ÍSÍ geri ekki athugasemdir við umsóknina og að önnur skilyrði félagsskiptareglna hafi verið uppfyllt. Ekki er heimilt að hafa fleiri en einn erlendan leikmann frá landi utan evrópska efnahagssvæðisins skráðan í hverju liði. Um félaga- og liðaskipti erlendra leikmanna, sem leikið hafa með íslensku liði, gilda reglur KLÍ.

7. grein

Dómstóll

Dómstóll ÍSÍ fjallar um kærumál.

8. grein

Aganefnd

Aganefnd skal fjalla um brot leikmanna, forystumanna og aðstoðarmanna á leikstað, í A- og B-mótum, sem fram koma á dómarskýrslu. Aganefnd kveður upp úrskurð innan 14 sólarhringa frá því kæra berst henni (sjá Reglugerð fyrir aganefnd).

9. grein

Tækninefnd

Um aðstæður á keppnisstað (t.d. ástand brauta), kúlur og hjálpartæki leikmanna gilda reglur FIQ/WTBA. Tækninefnd skal vera umsagnaradili þegar um kærur vegna aðstæðna á keppnisstað er að ræða (sjá Reglugerð fyrir tækninefnd).

10. grein

Þáttökugjöld – skráningarfrestur

Þegar leikmenn skrá sig í mót skuldbinda þeir sig um leið til að greiða þáttökugjald, nema þeir afskrái sig áður en skráningarfrestur rennur út. Leikmaður sem hefur skráð sig í mót fær ekki að taka þátt í öðrum mótum KLÍ fyrir en hann hefur greitt þáttökugjaldið. Undanþágu skal veita leikmanni sem sendir mótanefnd skriflega útskýringu á því hvers vegna hætt var við þáttöku, og þá aðeins ef mótanefnd telur ástæðuna fullnægjandi. Óheimilt er að skrá keppendur eftir að auglýstum skráningarfresti lýkur.

11. grein

Flokkamót

Í mótum þar sem keppendum er skipt í flokka miðað við getu skal enginn keppa í lægsta flokki nema hann hafi til þess skráð meðaltal. Byrjendum sem ekki hafa áður eignast skráð meðaltal má þó raða í neðsta flokk fram að útgáfu næsta allsherjar meðaltals. Þeir sem taka þátt í forgjafarmóti og hafa ekki skráð meðaltal skulu nota 120 stig við útreikning á forgjöf.

12. grein

Reykingar

Í mótum (sem KLÍ heldur eða viðurkennir) er öll notkun tóbaks bönnuð. Tóbaksbannið hefst við upphitun. Þegar unglingar eru að æfa eða keppa í keilusal skal gilda reykingabann áhorfenda (samanber reglur ÍSÍ).

13. grein

Feilvarsla

Mótshaldari getur, í samráði við stjórn KLÍ, ákvarðað aðra framkvæmd á feilvörslu og skipun refsilínudómara, en um er getið í reglu 4.19 í almennum keppnisreglum KLÍ.

14. grein

Brautarmeðhöndlun.

Í A-mótum skal dregið og olúborið eftir hverja 24 leiki á brautarpari. Brautarendar skulu þrífir eftir hverja 48 leiki.

15. grein

Bráðabani

Þegar leikinn er bráðabani, 9. og 10. rammi, til að skera úr um úrslit í liðakeppni er ekki heimilt að skipta inn leikmanni.

16. grein

Tímamörk

Til þess að halda réttum hraða í spilamennskunni verða leikmenn að mæta leikmanninum sem þeir leika á eftir þegar hann/hún kemur niður af stikbrautinni. Þeir skulu vera við „kúlurekkann“ innan 5 sekúnda frá því að undanfarandi keilari er kominn af stikbrautinni. Leikmenn eiga ekki að bíða eftir meira en 2 leikmönnum áður en þeir kasta (einum til hvorrar hliðar). Leikmaður skal hefja atrennu innan 30 sekúnda frá því hann stígur upp á stikbrautina og koma niður af stikbrautinni innan 10 sekúnda frá því að kúlan snertir keilurnar.

17. grein

Þjálfurum, liðsstjórum eða aðstoðarmönnum er ekki heimilt að fara fram fyrir skorborð nema með leyfi dómara.

18. grein

Búningar

Allir leikmenn liðs skulu vera í eins keppnistreyjum af sama lit og sömu gerð. Karlar skulu vera í síðbuxum af sama lit og sömu gerð, en konur mega vera í síðbuxum, pilsu eða stuttbuxnadressi af sama lit og sömu gerð.

Dómari skal veita hverjum þeim leikmanni áminningu sem ekki fylgir þessu ákvæði.

Í A-mótum, sem og öllum mótum sem sjónvarpað er frá, er óheimilt að leika í gallabuxum. Sé einhver þannig klæddur að ósæmilegt megi teljast, getur mótstjóri/dómari bannað honum að keppa, nema ráðin sé bót á því.

19. grein

Fjarveruskor

Seinir leikmenn fá 0 í hvern þann ramma sem þeir missa af. Leikmaður sem yfirgefur leik fær 0 fyrir þá ramma sem hann lýkur ekki. Leikirnir skulu ekki reiknast inn í meðaltal. Ekkert fjarveruskor er veitt í einstaklings-, para-, tvímennings- og þrímenningskeppnum.

20. grein

Notkun farsíma í og við leikmannasvæði á meðan keppni stendur er óheimil.

21. grein

Frestanir

Ef lið fær frestun, þá má það aðeins nota þá leikmenn sem löglegir voru með liðinu, þegar upphaflegi leiktíminn stóð yfir.

22. grein

Þegar leiknir eru fleiri en 3 leikir í leikjaröð skal skipt um brautarpar eftir hverja 2 leiki eða örar, nema reglur móts kveði á um annað.

Þegar keppendur eru aðeins að spila á tveim settum, en þurfa að spila 6 leiki, þá eiga þeir að spila 3+3 leiki á settunum tveimur til að það komi sem jafnast niður á keppendurna.

23. grein

Upphitun

Upphitun í keilumótum skal vera eftirfarandi að lágmarki:

2-4 keppendur á setti

– 5 mínútur

5 og fleiri keppendur á setti

– 10 mínútur að lágmarki

Mótsstjóra er heimilt að lengja upphitun.

Breytt á formannafundi 19. apríl 2011